

Viska - stéttarfélag
Ársreikningur
2024

Viska - stéttarfélag
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Kt. 491079-0459

Viska - stéttarfélag

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Visku - stéttarfélags

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Visku - stéttarfélags fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur félagsins 2023 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 26. apríl 2024 og er án fyrirvara.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík 10. apríl 2025.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Visku - stéttarfélags er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Viska - stéttarfélag er sjálfstætt starfandi stéttarfélag með aðild að Bandalagi háskólamanna (BHM). Meginstarfsemi félagsins er að vera í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og við ákvarðanir sem snerta kjör þeirra. Ársverk á árinu 2024 voru 6,5 en voru árið áður 0,5. Stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarstörf.

Í nóvember 2023 samþykktu stéttarfélögin Fræðagarður, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) og Félag íslenskra félagsvísindamanna (FÍF) að sameinast undir heiti Visku - stéttarfélags og var reikningshaldslegur samruni gerður miðað við 1. janúar 2024. Samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2023 koma úr ársreikningi Fræðagarðs en félögin sameinuðust undir kennitölu Fræðagarðs sem var síðan nafnabreytt í Viska - stéttarfélag. Þessi þrjú stéttarfélög stóðu að rekstri þjónustuskrifstofu FHS ásamt tveimur öðrum stéttarfélögum og var ákveðið að slíta þessu samstarfi í árslok 2023. Við þau slit fluttust starfsmenn og verkefni skrifstofunnar yfir til þeirra félaga sem stóðu að henni.

Samkvæmt rekstrarreikningi Visku - stéttarfélags var hagnaður ársins 2024 kr. 48.426.524. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 456.173.093.

Stjórn Visku - stéttarfélags samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2025.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundinum 10. apríl 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
Stjórnarformaður

Gustav Pétursson

Helga Björg Kolbeinsdóttir

Inga María Leifsdóttir

Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir

Íris Halla Guðmundsdóttir

Kristín Arnórsdóttir

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar

Kristmundur Þór Ólafsson

Linda Björk Markúsardóttir

Óskar Þór Þráinsson

Ragna Björk Kristjánsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Steindór Gunnar Steindórsson

Sunna Arnardóttir

Þóra Jónsdóttir

Georg Brynjarsson
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		468.299.986	354.629.508
Húsaleigutekjur		540.000	5.556.444
Aðrar tekjur		1.208.006	0
		<u>470.047.992</u>	<u>360.185.952</u>
Rekstrargjöld			
Framlög til BHM		(88.992.434)	(66.549.346)
Laun og launatengd gjöld	3	(233.980.738)	(71.281.699)
Annar rekstrarkostnaður	4,5	(114.765.594)	(212.748.013)
Afskriftir	7	(4.608.739)	(957.613)
		<u>(442.347.505)</u>	<u>(351.536.671)</u>
Rekstrarhagnaður			
		27.700.487	8.649.281
Fjármunatekjur			
Fjármunatekjur		9.323.620	5.056.686
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfaeign		18.642.295	7.472.887
Fjármagnstekjuskattur		(7.243.358)	(2.794.012)
Fjármagnsgjöld		(634.765)	(442.286)
		<u>20.087.792</u>	<u>9.293.275</u>
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga	6	<u>638.245</u>	<u>263.726</u>
Tekjur umfram gjöld			
		<u><u>48.426.524</u></u>	<u><u>18.206.282</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Eignarhlutur í húsfélagi BHM sf	6	75.160.031	62.081.583
Áhöld, tæki og innréttingar	7	39.965.815	2.577.451
Hugbúnaður	7	6.286.402	8.441.740
Málverk og ljósmyndir	7	1.852.391	1.852.391
		<u>123.264.639</u>	<u>74.953.165</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi félagsgjöld		61.509.659	41.600.602
Aðrar skammtímakröfur		2.000.000	3.082.171
Verðbréfaeign	8	232.291.961	157.942.989
Handbært fé		89.955.066	110.172.788
		<u>385.756.686</u>	<u>312.798.550</u>
Eignir		<u>509.021.325</u>	<u>387.751.715</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs		349.821.768	331.615.486
Sameining Fræðagarðs, SBU og FÍF		32.924.801	0
Framlag frá Vísindasjóði Visku		25.000.000	0
Afkoma ársins		48.426.524	18.206.282
Eigið fé		<u>456.173.093</u>	<u>349.821.768</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		20.940.619	19.866.701
Ógreidd laun og launatengd gjöld		31.840.222	17.578.382
Aðrar skammtímaskuldir		67.391	484.864
Skuldir		<u>52.848.232</u>	<u>37.929.947</u>
Eigið fé og skuldir		<u>509.021.325</u>	<u>387.751.715</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Viska - stéttarfélag er stéttarfélag með kennitölu 491079-0459 og er megin starfsemi félagsins fólgin í að vera í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og við aðrar ákvarðanir er á einhvern hátt snerta kjör þeirra.

Lögheimili félagsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Ársverk á árinu 2024 voru 6,5 en voru árið áður 0,5. Stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

Í nóvember 2023 samþykktu stéttarfélögin Fræðagarður, SBU og FÍF að sameinast undir heiti Visku - stéttarfélags og var reikningshaldslegur samruni gerður miðað við 1. janúar 2024. Þessi þrjú stéttarfélög stóðu að rekstri þjónustuskrifstofu FHS ásamt tveimur öðrum stéttarfélögum og var ákveðið að slíta þessu samstarfi í árslok 2023. Við þau slit fluttust starfsmenn og verkefni skrifstofunnar yfir til þeirra félaga sem stóðu að henni.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan að verðbréfaeign er færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Málverk og ljósmyndir

Málverk og ljósmyndir eru færð til eignar á kostnaðarverði.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Hugbúnaður

Hugbúnaður sem er keyptur sérstaklega er metinn á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu er hugbúnaður færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Hugbúnaður með ákveðinn nýtingartíma er afskrifaður á nýtingartíma og framkvæmt virðismat þegar það eru vísbendingar um að verðmæti þeirra hafi rýrnað. Afskriftartími og afskriftaraðferð hugbúnaðar með ákveðinn nýtingartíma eru endurskoðuð a.m.k. í lok hvers fjárhagsárs. Breytingar á ætluðum nýtingartíma eða ætlaðar breytingar á framtíðar tekjustreymi hefur áhrif á afskriftartímabilið og afskriftaraðferðina, eftir því sem við á og er farið með breytingar á þessum þáttum sem breytingu á reikningshaldslegu mati. Afskriftir á hugbúnaði með ákveðinn nýtingartíma eru færðar til gjalda á rekstrarreikning.

Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinarinnar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Leigutekjur eru færðar á því tímabili sem leigan tilheyrir.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun starfsmanna og þóknarir til félagskjörinna aðila	177.087.078	56.707.863
Launatengd gjöld	44.877.091	11.971.732
Annar starfsmannakostnaður	5.194.455	572.900
Áfallið orlof, breyting	6.822.114	2.029.204
	<u>233.980.738</u>	<u>71.281.699</u>

4. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Húsnæðiskostnaður	18.709.768	6.287.376
Sérfræðiaðstoð og sérverkefni	27.542.965	21.121.520
Kynningar- og markaðsmál	39.082.084	4.583.581
Þjónusta við félagsfólk	13.191.989	0
Rekstrarkostnaður skrifstofu	21.338.033	10.063.291
Ferðakostnaður	2.273.033	2.848.786
Endurgreiðsla á ferðakostnaði frá Starfspróunarsetri	(7.372.278)	(1.209.640)
Framlög til þjónustuskrifstofu	0	128.304.694
Sameiningarkostnaður	0	40.748.405
	<u>114.765.594</u>	<u>212.748.013</u>

5. Húsaleigusamningur

Félagið gerði á árinu 2024 leigusamning um húsnæði að Borgartún 27 í Reykjavík. Samningurinn er til 10 ára en hann tók gildi í júlí 2024 og gildir til júní 2034. Ónúvirtar leigugreiðslur á samningstímanum eru 412,1 millj. kr með VSK. Greiddar leigugreiðslur á árinu 2024 námu 5,4 millj. kr. og eru þær færðar til gjalda í rekstrarreikningi á meðal annars rekstrarkostnaðar.

Leigugreiðslur árið 2025	42.813.144
Leigugreiðslur árið 2026	42.813.144
Leigugreiðslur árið 2027	42.813.144
Leigugreiðslur árið 2028	42.813.144
Leigugreiðslur árið 2029	42.813.144
Síðar	192.659.148
Samtals	<u>406.724.868</u>

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Fræðagarður á 13,39% eignarhlut í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

	2024	2023
Eignarhlutir í Húsfélagi BHM í byrjun árs	62.081.583	61.817.857
Sameining Fræðagarðs, SBU og FÍF	12.483.399	0
Hlutdeild í afkomu ársins	683.451	352.128
Afskrift yfirverðs	(88.402)	(88.402)
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM í lok árs	<u>75.160.031</u>	<u>62.081.583</u>

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Hugbúnaður	Málverk	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2023	1.143.392	0	1.852.391	2.995.783
Eignfært á árinu	2.618.269	8.621.351	0	11.239.620
Staða 1.1.2024	3.761.661	8.621.351	1.852.391	14.235.403
Sameining Fræðagarðs, SBU og FÍF	227.023	0	0	227.023
Eignfært á árinu	39.747.172	0	0	39.747.172
Staða 31.12.2024	43.735.856	8.621.351	1.852.391	54.209.598
Afskriftir				
Staða 1.1.2023	406.208	0	0	406.208
Afskrift ársins	778.002	179.611	0	957.613
Staða 1.1.2024	1.184.210	179.611	0	1.363.821
Sameining Fræðagarðs, SBU og FÍF	132.430	0	0	132.430
Afskrift ársins	2.453.401	2.155.338	0	4.608.739
Staða 31.12.2024	3.770.041	2.334.949	0	6.104.990
Bókfært verð				
Staða 1.1.2023	737.184	0	1.852.391	2.589.575
Staða 1.1.2024	2.577.451	8.441.740	1.852.391	12.871.582
Staða 31.12.2024	39.965.815	6.286.402	1.852.391	48.104.608
Afskriftarhlutföll	10% - 35%	25%	0%	

8. Verðbréfaeign

	2024	2023
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir	238.916.223	163.241.235
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(6.624.262)	(5.298.246)
	232.291.961	157.942.989